



1. útgáfa / 23.9.2009

Öryggisblað (MSDS)

skv. reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. AUÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

Vöruheiti: **MERKISPRAY GULT L299 500 mL**

Vörunúmer: **349 6280 2020**

Notkunarsvið: **Spray**

Framleiðandi: **Theo Förch GmbH & Co.**

Söluaðili: **N1**

Dalvegur 10-14
201 Kópavogur

Sími: 440 1000

Netfang: n1@n1.is

Veffang: www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Símanúmer neyðarlínunnar er 112.

2. HÆTTUGREINING

Fólk:

Efnið telst varasamt fólk skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Afar eldfimt.

Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Umhverfi:

Efnið telst varasamt umhverfinu skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Efnið flokkast ekki sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Sjá einnig 12. lið.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Flokkur	Merki	H-setningar	Styrkur
Etýlasetat	141-78-6	205-500-4	-	F,Xi	11-36-66-67	10-<20%
Leysibensín (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað létt (bensen <0,1%)	45742-49-0	265-151-9	-	F,Xn,N	11-38-51/53-65-67	1-10%

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið og H- og V-setningar þess í 15. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

Almennt:

Öryggisblað skal ætíð vera tiltækt á vinnustað.

Ef grunur um heilsutjón eða krankleika vaknar leitið þá strax lækni.

Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.

Sé sá slasaði meðvitundarlaus; leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax lækni.

Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk!

Hafið í huga að hættulegt getur verið að veita blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku eða ætandi.

Sýnið lækni öryggisblað.

Innöndun:

Tryggið ferskt loft.

Haldið hita á þeim slasaða og látið hann hvílast.

Veitið öndunaraðstoð andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Þjálfaður aðili getur gefið þeim slasaða súrefni.

Leitið lækni verði óþæginda eða meðvitundarleysis vart.

Snerting við augu:

Fjarlægið linsur ef við á. Skolið strax með miklu af vatni í a.m.k. 15 mín. og haldið auganu vel opnu á meðan.

Hafið strax samband við lækni á meðan á augnskólun stendur.

Snerting við húð:

Þvoið strax vel með sápu og miklu af vatni. Fjarlægið allan fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið.

Leitið lækni verði ertingar vart (t.d. roða í húð).

Inntaka:

Skolið strax munn með miklu vatni - Tryggið síðan strax ferskt loft að því loknu.

Hafið samband við lækni verði einkenni viðvarandi.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA**Æskileg/nauðsynleg viðbrögð við eldsvoða:**

Fjarlægið umbúðir af eldstað sé slíkt mögulegt - ef ekki, kælið með vatnsúða.

Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

Viðeigandi slökkviefni:

Alkóhólpólin froða, kolsýra, slökkviduft eða vatnsúði.

Sérstök hættu vegna efnisins eða efna sem myndast við bruna:

Sprengihætta getur skapast.

Við bruna myndast þykkur, svartur reykur.

Innöndun efna sem myndast við bruna geta valdið alvarlegu heilsutjóni.

Persónulegur hlífðarbúnaður:

Notkun hlífðarbúnaðar fer eftir eðli og umfangi eldsvoðans.

Notkun öndunarbúnaðar getur verið nauðsynleg.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

Sjá 8. lið fyrir takmörkun áverkunar og notkun persónuhlífa og 13. lið fyrir förgun.

Tilkynningar:

Berist efni á einhvern hátt í umhverfið skal tilkynna það viðeigandi yfirvöldum, s.s. lögreglu, slökkviliði og heilbrigðiseftirliti.

Til verndar fólki:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu.

Fjarlægið alla hugsanlega íkveikjuvalda - Reykingar bannaðar.

Forðist innöndun gufu og snertingu efnisins við augu eða húð.

Notið viðeigandi hlífðarfatnað. Sjá lið 8.

Til verndar umhverfi:

Stöðvið útbreiðslu efnis sem lekið hefur niður.

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, sjó/vatn, grunnvatn eða jarðveg.

Aðferðir við hreinsun:

Ef úði eða gas sleppur, tryggið góða loftræstingu.

Hreinsið upp með óbrennanlegu ísogsefni, s.s. mold, sandi, kísilgúr eða sambærilegu efni.

Mokið/dælið upp og komið fyrir í merktu íláti. Fargið eins og fram kemur í 13. lið.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun:

Öryggi fólks við meðhöndlun:

Sjá 6. lið.

Tryggið góða loftræstingu.

Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Notið ekki í lokuðu rými.

Varnir vegna eld- og/eða sprengihættu:

Haldið fjarri íkveikjuvöldum - Reykingar bannaðar.

Notið ekki á heit yfirborð.

Sé loftræsting ekki nægjanleg geta gufur af efninu myndað sprengifima blöndu í lofti.

Geymsla:

Almennt:

Geymið aðeins í óopnuðum, upprunalegum umbúðum.

Geymið ekki á göngum eða í stigahúsum.

Geymið fjarri hita og beinu sólarljósi. Hiti má ekki fara yfir 50°C.

Efni geymt með öðrum efnum:

Sjá 10. lið.

Sérstakar geymsluaðstæður:

Sjá 9. og 10. lið.

Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað.

Umbúðir:

Tómar umbúðir innihalda leifar af efninu og þær skal því meðhöndla af varúð og koma sem fyrst til spilliefnamóttöku.

8. TAKMÖRKUN VÁHRIFA/PERSÓNUHLÍFAR

Tryggið góða loftræstingu annað hvort með staðbundnu útsogi eða almennri loftræstingu.

Nægi loftræsting ekki til að halda styrk efnisins (eða innihaldsefna þess) í lofti á vinnustað undir mengunarmörkum skal nota viðurkennda öndunargrímu.

Engin mengunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efnið, en eftirfarandi mengunarmörk gilda fyrir þau innihaldsefni. Þess sem getið er í 2. lið skv. reglum VER nr. 390/2009 með síðari breytingum:

Efni	Meðalgildi ppm	Meðalgildi mg/m ³	Þakgildi ppm	Þakgildi mg/m ³
<i>Etylasetat</i>	150	540	-	-

Persónuhlífar:

Til hlífðar öndunarfærum:

Sé loftræsting ekki nægjanleg - eða að efninu sé sprautað - skal nota viðurkennda öndunargrímu, t.d. heilgrímu með AXP3 síum.

Sé áverkun mikil (þ.e. styrkur efna hár) eða unnið í litlu rými skal nota ferskloftsgrímu.

Til hlífðar höndum:

Notið efnaþolna hlífðarhanska sem uppfylla EN 374 staðal, t.d. úr bútýlgúmmí.

Lágmarksþykkt: 0,7 mm.

Kannið þol hlífðarhanska áður en þeir eru notaðir í fyrsta skipti.

Til hlífðar augum:

Þétt hlífðarglæraugu með hliðarvörn til varnar slettum (EN 166) ef talin er hættu á að efni berist í augu.

Til hlífðar húð:

Hlífðarfatnað skal velja með hliðsjón af notkun efnisins og hættum þess samfara.

Klæðist efnaþolnum hlífðarfatnaði (EN 13034).

Tæknilegar ráðstafanir:

Greiður aðgangur að vatni.

Augnaskol og neyðarsturta.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR**Almennar upplýsingar:**

Form:	Svífúði
Litur:	Gulur
Lykt:	Einkennandi

Blossamark: -60°C**Íkveikjumark:** 510°C**Oxandi/eldnærandi:** Nei**Sprengimörk:**

Neðri sprengimörk (LEL): 1,4%

Efri sprengimörk (UEL): 32%

Leysanleiki:

Vatn: Óleysanlegt

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI**Aðstæður sem skal forðast:**

Sjá 7. lið.

Hiti, opinn logi, blossar og aðrir íkveikjuvaldar s.s. stöðurafmagn.

Efni sem skal varast:

Sjá 7. lið.

Oxunarmiðlar (t.d. ýmis bleikiefni o.p.h.), sterk alkalísk efni (basar) og sýrur.

Varasöm niðurbrotsefni:

Sjá 5. lið.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið telst varasamt fólki skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um eiturfræðileg áhrif efnisins, en eftirfarandi upplýsingar byggja á þekkingu á innihaldsefnum þess.

Langtímaáhrif:Vímuefnaáhrif:

Hugsanleg.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið telst varasamt umhverfinu skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Efnið flokkast ekki sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Upplýsingar í þessum lið byggja á þekkingu á innihaldsefnum.

Umhverfiseituráhrif:

Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Hreyfanleiki:

Efnið talið vera rokgjarnt.

Gufur af efninu eru þyngri en andrúmsloftið.

Hugsanleg uppsöfnun í lífverum:

Engar upplýsingar liggja fyrir um uppsöfnun í lífverum.

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN**Förgun efnis/efnisleifa:**

Farga skal efninu og leifum þess skv. gildandi lögum og reglum.

Koma skal efninu til móttökustöðvar.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er efnið og leifar þess í eftirfarandi flokk(um):

16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni)

Förgun umbúða undan efninu:

Farga skal umbúðum undan efninu skv. gildandi lögum og reglum.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang eru umbúðir undan efninu í eftirfarandi flokk(um):

15 01 04 (málmumbúðir)

15 01 10 (umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim)

Umbúðum, sem ekki er hægt að tæma eða hreinsa á fullnægjandi hátt, skal fargað á sama hátt og efninu.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING**Vegflutningar ADR:**

Flokkur: 2 (5F) Eldfimar lofttegundir
 UN-númer: 1950
 Hættuflokkur: 2.1
 Hættunúmer: 2
 Lýsing á innihaldi: SVIFÚÐI

Sjóflutningar IMO/IMDG:

Flokkur: 2
 UN-númer: 1950
 Merking: 2.1
 EMS-númer: F-D, S-U
 Mengar haf: YES
 Proper ship name: AEROSOLS

Flugfrakt ICAO/IATA:

Flokkur: 2
 UN-númer: 1950
 Merking: 2.1

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingar frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

Varnaðarmerki: Fx



Varnaðarorð: Afar eldfimt.

Hættusetningar:

- 12 Afar eldfimt.
- 52/53 Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
- 67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Varnaðarsetningar:

- 2 Geymist þar sem börn ná ekki til.
- 23 Varist innöndun úða.
- 35 Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt.
- 46 Leitið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.
- 51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Sérákvæði um merkingar:

Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
 Úðið ekki á eld eða glóandi hluti.
 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.
 GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Viðbótaupplýsingar:

Sé loftræsting ekki næg getur eldfim blanda myndast - sprengihætta.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

TA loft: 90% w/w Kl. III, 3.1.7.

Hættusetningar innihaldsefna:

11	Mjög eldfimt.
36	Ertir augu.
38	Ertir húð.
51	Eitrað vatnalífverum.
53	Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
65	Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.
66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Varnaðarmerki innihaldsefna:

F - MJÖG ELDFIMT

Xn - Hættulegt heilsu

Xi - Ertandi

N - Hættulegt umhverfinu

Útgáfa: 1.

Dags.: 23.9.2009

Öryggisleiðbeiningar þessar eru unnar af Mannviti (FI).

SNR Mannvits: OB-100-080-2.100.012

Öryggisleiðbeiningar þessar eru byggðar á okkar bestu þekkingu ásamt upplýsingum frá framleiðanda og eru unnar í samræmi við gildandi reglugerðir. Öryggisleiðbeiningarnar eiga einungis við um vöruna eins og hún kemur frá söluaðila. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.